



## STJÓRN SSH 446. fundur

Mánudaginn 14. ágúst 2017, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson

Fjarverandi: Guðný Ívarsdóttir.

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH, sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Stjórnarformaður SSH, Ármann Kr. Ólafsson setti fund og stýrði.

Þetta gerðist:

### 1. BORGARLÍNAN og tengd viðfangsefni /málsnr. 1610002

Fundinn sátu undir þessum dagskrárlið Eyjólfur Árni Rafnsson verkefnisstjóri Borgarlínu og Lilja Guðrún Karlsdóttir sérfræðingur hjá Viaplan / COWI.

- a) Fyrir fundinum lá samantekt vegna innkominna ábendinga og athugasemda í kjölfar forkyningar á tillögum að legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna.  
Málið fer áfram til efnislegrar umfjöllunar hjá svæðisskipulagsnefnd og eftir atvikum hjá aðildarsveitarfélögunum.
- b) Lilja gerði grein fyrir stöðu vinnu COWI við frekari greiningum á kostum við legu línunnar og forsendum sem beita þarf við fyrsta mat á mögulegri áfangaskiptingu Borgarlínunnar.

Umræður

#### Niðurstaða:

Í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna frá 2. desember verður á grundvelli ofanritaðs mótuð endanleg tillaga á legu Borgarlínunnar í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins og eftir atvikum í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Áfram er stefnt að því að staðfesting á breytingu svæðisskipulags vegna þessa verði tilbúin til kynningar fyrir lok árs.

Frekari umræða um áfangaskiptingu og tímasetningar vegna uppbyggingar innviða Borgarlínu mun síðan byggjast á þeirri vinnu sem er framundan í sameiginlegum starfshópi sveitarfélaganna og ríkisins sem skipaður var til að skoða heildstætt uppbyggingu samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. viðræður um mögulega aðkomu og þátttöku ríkisins að fjármögnun verkefnisins.

### 2. „MEET IN REYKJAVÍK“ – kynning á starfi

Á fundinn mætti undir þessum dagskrárlið Þorsteinn Örn Guðmundsson framkvæmdastjóri „Meet in Reykjavík“ og kynnti starfsemi, stöðu og horfur vegna markaðssetningar höfuðborgarsvæðisins til ráðstefnuhalds og annarra viðburðatengdrar þjónustu.



**3. Húsnæðismál og lóðaframboð á höfuðborgarsvæðinu** /málsnr. 1703008

Farið var yfir sérstaka samantekt sem unnin var af skrifstofu SSH fyrir á árinu með upplýsingum um fyrirsjáanlegt framboð lóða og væntanlegt framboð nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu á næstu 3 árum.

Umræður

**Niðurstaða:**

Samþykkt að unnin verði uppfærsla á samantektinni þar sem áhersla verði á að fá greinargóða mynd af fyrirætlunum sveitarfélaganna um uppbyggingu á félagslegu húsnæði á næstu árum.

**4. Rekstrarúttekt byggðasamlaganna** /málsnr. 1501004

Rætt um stöðu úrvinnslu vegna rekstrarúttektar byggðasamlaganna.

**5. Önnur mál.**

- a) Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis frá 13. júlí 2017 vegna aðalsenda hljóðvarps og sjónvarps á höfuðborgarsvæðinu. /málsnr. 1707005  
Lagt fram til kynningar – málið er í sérstöku ferli hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ.
- b) Haraldur Sverrisson vakti máls á þörf fyrir sérstaka yfirferð yfir leiðakerfi Strætó bs. m.a. vegna fyrirsjáanlegs skorts á almenningsamgöngum í Helgafellshverfi í Mosfellsbæ.  
Frakvæmdastjóri SSH upplýsti að framkvæmdastjóri Strætó bs. hefði óskað eftir fundi eigenda til að ræða hugmyndir um breytingar á leiðakerfi Strætó bs. og möguleg áhrif þeirra breytinga á kostnaðarskiptingu vegna stofnleiða. Málið er í undirbúningi og væntanlega boðað til fundar þegar öll gögn vegna málsins liggja fyrir.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05